

Deiliskráning vegna frístundabyggðar í landi Brúar í Rangárþingi eystra



HELGA JÓNSDÓTTIR OG SÓLVEIG G. BECK

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2024

FS964-23431



Á ljósmynd á forsíðu sést rétt RA-098:033 horft í suðvestur
Ljósmynd: Sólveig G. Beck

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

VEFSÍÐA: www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT.....	5
SUMMARY	5
1. INNGANGUR.....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	8
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	10
4. FORNLEIFASKRÁ.....	12
RA-098 Voðmúlastaðir	12
RA-098:032.....	13
RA-098:033.....	14
5. NIÐURSTÖÐUR.....	15
6. HEIMILDASKRÁ.....	16

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar innan 46 ha stórs skipulagsreits á Brú (RA-098) í Austur Landeyjum þar sem frístundabyggð er fyrirhuguð. Brú er nýbýli og byggist úr landi Voðmúlastaða á 7. áratug 20. aldar. Fornleifastofnun Íslands vann skráninguna í nóvember 2023 fyrir landeigendur. Á svæðinu voru skráðar tvær minjar, annars vegar rétt (RA-098:033) og hins vegar leið (RA-098:032) sem báðar voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda.

Efnisorð: fornleifaskráning, deiliskráning, rétt, leið, Brú, Rangárþing eystra, Fornleifastofnun Íslands.


Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed field survey within a 46-hectare planning area at Brú in Rangárþing eystra. The survey took place in the context of a building of summer houses in the area. It was carried out in November 2023. Two archaeological sites were recorded within the area, a sheep fold (RA-098:033) and a route (RA-098:032). Both are estimated to be in great danger due to future construction work within the area.

Keywords: Archaeology, detailed survey, sheep fold, route, Brú, Rangárþing eystra, Institute of Archaeology in Iceland.

1. Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um niðurstöður skráningar á 46 ha stórum deiliskipulagsreit nyrst í landi Brúar í Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra. Brú er um 203 ha stórt nýbýli og um 6 km í norðaustur af Voðmúlasterðum (RA-098). Jörðin byggist fyrst úr landi Voðmúlasterða 1969-1970¹. Voðmúlasterðir voru kirkjújörð frá öndverðu til 1912 þegar kirkja var aflögð þar.² Skráningin var gerð vegna fyrirætlana um



Mynd 1. Úttektarsvæðið á Brú í landi Voðmúlasterða RA-098. Staðsetning svæðis er merkt sem rauður punktur á Íslandskorti. Loftmyndir: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmalingar Íslands. Skýringar til vinstri eiga við allar teikningar og kort sem finnast í þessari skýrslu.

frístundabyggð á svæðinu og var hún unnin fyrir landeigendur. Fornleifafræðingarnir Helga Jónsdóttir og Sólveig G. Beck unnu skráninguna í nóvember 2023. Heimildarmaður var Auðunn Leifsson á Leifsstöðum 2. Úttektarsvæðið er austan við Gunnarshólmalænu. Svæðið einkennist af þurrum áreyrum Markárfljóts sem hafa gróið upp eftir byggingu varnargarða vestan við fljótið. Syðri mörk svæðisins eru 600-700 m í norður af íbúðarhúsinu á Brú og um 2 km norðan við þjóðveg 1. Á svæðinu er fyrirhugað að rísi frístundabyggð og eru samantlagt ráðgerar 43 slíkar lóðir á svæðinu (lóðir 1-39 og A - D).

Form skráningarskýrslunnar er hefðbundið. Í kjölfar inngangs fylgja kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu (kaflar 2 og 3). Fjórði kafli er svo sjálf fornleifaskráin með uppmælingum og ljósmyndum og í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman (5. kafli). Aftast í skýrslunni fylgir svo heimildaskrá.

¹ Sunnlenskar byggðir, 1982, bls. 249

² Sunnlenskar byggðir, 1982, bls. 208

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skríðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalegi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-098:001).


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis í „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða og innan framkvæmdasvæða er gjarnan hægt að grípa til aðgerða sem tryggja varðveislu minjanna.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í,
nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

4. Fornleifaskrá

RA-098 Voðmúlastaðir

Sögulegar heimildir

[1332]: „Amula stodum. Gamall maldagi. Peturs kirkia a aamulastodum a prestz skyld j heima landi oc xij ær og eina ku.“ DI II, bls. 685.

[1367]: „xxxix. Peturskirkia ad amulastodum a prestskyld þar j lande ein messuklæde.“ DI III, bls. 218

1397: „a prestskyld þar j landi.“ DI IV, bls. 87-88

„[um 1480]:Vomulastader. Peturs kirkia aa vomulastodum aa prestz skyld j heima landi.“ DI VI, bls. 328-29


1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, bls. 666.

1604: Seld 40 hdr í Voðmúlastöðum. Jarðabréf, bls. 1.

1652: er jörðin 50 hdr samkvæmt BL, bls. 90. 1200: Var kirkjustaður samkvæmt gömlum máldaga, en jörðin er nefnd í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, bls. 6

1709: 50 eða 60 hdr samkvæmt JÁM I, bls. 127-128

Heimajörðin 20 hdr, hjáleigur Austurhjáleiga 5 hdr, Miðhjáleiga 5 hdr, Suðurhjáleiga 5 hdr, Hólmshjáleiga eystri (í eyði) og Hólmshjáleiga vestari saman 5 hdr og Oddakot 10 hdr. JÁM I, bls. 127-128. Allar þessar hjáleigur voru í byggð 1847 að undanskilum Hólmshjáleigunum en þær höfðu verið sameinaðar í eina. Því er önnur þeirra, sú eystri, skráð hér með heimajörðunnni, sjá annars RA-103. Hannes Þorsteinsson telur nafnið eiga að vera Vomúlastaðir. HP: „Rannsókn og leiðrjettingar ...“ Árbók 1923, 17. Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að jörðin sé nú [1982] 900 ha, tvö nýbýli Leifsstaðir og Brú. SB IV, 249.



Mynd 3. Yfirlitsmynd af úttektarsvæði og skráðum minjum innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Landkostir

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: „Engjar spretta lítið og eru í snöggvasta lagi. Túni, engjum og úthögum hefur blástursandur stórum spilt og meinast þriðjungur beitarlandsins burtblásinn. ... Þessi jörð liggur undir spjöllum fyrir blásturssandi.“ JÁM I, bls. 128. Landeyingabók segir að árið 1849: „Tún slétt en sendin, útslægjur snöggar. Gripagagn gott. Haglendi mikið og gott.“ Landeyingabók, bls. 390. Árið 1927 er jörðinni lýst svo: Tún 4,2 ha, þar af 4 ha sléttað, garðar 1350 m². „Land jarðarinnar er þurrkentuð mýri er 90 ha., grasgefin. Annað land er mjög snöggvallendi, hálfgróinn sandur og mosmói, mjög rýrt haglendi, ásamt lítið gróum aur, 130 ha., sem er óafgirt ofan Suðurlandsvegur. Skjól allgóð, vetrarheit engin.“ SB IV, bls. 249.

Skráðar minjar

RA-098:032

gata

leið

A: 448173

N: 352329




Mynd 4. Reiðgötur RA-098:032. Ljósmynd Sólveig G. Beck. Yfirlit um legu gatnanna má sjá á mynd 3 (sjá einnig mynd 5).

Óljósar götur eru um 6,3 km ANA við Voðmúlastaði RA-098 og um 680 m norðan við nýbýlið Brú (mynd 4). Hægt er einnig að greina þessar götur á loftmynd af svæðinu sem tekin er í júlí árið 1980 (mynd 5). Göturnar eru á sléttlendum áreyrum Markaflljóts. Svæðið er vel grasigróið en mikið er þar um gamla vatnsfarvegi og mýrarbletti. Göturnar liggja norðaustur-suðvestur milli Ála og Gunnarshólmslænu í átt að Gunnarshólma í norðaustri. Þær eru nokkuð óljósar í dag (2023) en hægt er þó að greina 1-3 götuslóða á um 5 m breiðu svæði, sérstaklega syðst innan skráningarreits. Göturnar er hægt að rekja á a.m.k. 420 m löngum kafla innan svæðis og eru þær 0,2-0,4 m á breidd og <0,3 m á dýpt.

Hugsanlegt er að göturnar hafi legið frá Voðmúlastöðum í suðvestri norðaustur í Fljótshlíð.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimild: Landmælingar Íslands: Loftmyndasafn, 2023.




Mynd 5. Götur RA-098:032 innan deiliskráningarsvæðis árið 1980. Loftmynd: Landmælingar Íslands: Loftmyndasafn.

RA-098:033

tóft rétt

A: 448192

N: 352571




Mynd 6. Tóft 098:033 og niðurgroftur SA við hana. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Greinileg réttartóft er sunnan við norðurmörk skipulagsreits, um 900 m norðan við íbúðarhúsið á Brú og 6,5 km í norðaustur frá Voðmúlastöðum. Hlutverk þessarar tóftar (myndir 6-8) er óljóst en samkvæmt heimildamanni er líklegt að hún hafi verið aðhald/rétt til að skilja að fé en svæðið var nýtt til beitar fyrir bæi í Voðmúlastaðahverfi. Landið í kring er slétt og gróið. Tóftin er á ás sem þarna er og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 18 m löng og 11

m breið. Hún er einföld og opin í norðaustur enda. Veggir eru 0,2-0,6 m háir og 1-3 m breiðir, nokkuð heillegir, en hleðslur eru signar. Tóftin er vaxin grasi og lyngi og nærri slétt í botninn. Samsíða tóft að austan er svæði þar sem hugsanlegt er að torf í hana hafi verið skorið.



Mynd 7. Tóft RA-098:033 horft í NA. Ljósmynd Helga Jónsdóttir.



Mynd 8. Tóft RA-098:033 horft í SV. Ljósmynd Helga Jónsdóttir.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildamaður: Auðunn Leifsson.

5. Niðurstöður

Deiliskipulagsreitur sá er skráður var á Brú í Rangárþingi eystra er um 46 ha að stærð (mynd9). Svæðið er um 1,4 km langt austur-vestur og 0,24-0,52 km breitt norður-suður. Það nær að mestu yfir nokkuð sléttar uppgrónar áreyrar Markafljóts. Á svæðinu vex aðallega gras og lyng. Á köflum er þar nokkurt þýfi og á nokkrum stöðum má greina þurra lækjarfarvegi og uppbornaða forarpytti. Norðan við svæðið hefur land verið plægt og tré gróðursett.

Fyrirhugað er að skipta landinu í 43 lóðir (1-39 og A-D). Innan úttektarsvæðis voru skráðar tvær fornleifar. Voru þær metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Tóft RA-098:033 er þar sem lóð númer 12 er á skipulagsteikningu. Leið RA-098:032 liggur yfir lóðir númer 9, 10, 18, 19, 26 og 27.

Um 20 m norðvestan við úttektarsvæði var gömul rétt en þar sem úttektarsvæðið er utan



Mynd 9. Yfirlitsmynd í norðvestur yfir deiliskipulagssvæðið. Ljósmynd tók Helga Jónsdóttir.

helgunarsvæðis tóftar (15 m frá ystu mörkum hennar) var hún ekki skráð sérstaklega en samkvæmt Auðuni Leifssyni heimildarmanni segir var hún nefnd Péturshólmarétt notuð til að rýja sauðfé eftir að það var rekið í haga til sumarþeir á 20. öld. Var þetta gert yfirleitt í byrjun júlí ár hvert.

Þær fornminjar sem skráðar voru innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en það er Minjastofnun Íslands að ákveða hvort og þá hvaða mótvægisáðgerða kann að vera nauðsynlegt að grípa til vegna þeirra. Rétt er að ítreka það í lok skýrslu að sumarbústaðabyggð og minjar geta farið ágætlega saman, ef minjum er sýnd aðgát. Séu engar framkvæmdir fyrirhugaðar sem skemma minjar getur slík sambúð gengið átaklaust og vel fyrir sig og þannig má líta á minjarnar sem góða viðbót við menningarlandslag svæðisins fremur en kvöð á framkvæmdarétti. Engu að síður er það svo að ef framkvæmdir sem raskað geta minjum eru fyrirhugaðar þarf að hafa samband við Minjastofnun Íslands og leita álits stofnunarinnar á því hvort fornminjar megi víkja og þá með hvaða skilyrðum.

6. Heimildaskrá

BL: Björn Lárusson. 1967. The Old Icelandic Land Registers. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

DI II, DI IV, DI VI og DI XII: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

HP: Hannes Þorsteinsson. 1923. Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 37. bls. 1-96.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla*. 1913-1917. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Landeyingabók: Valgeir Sigurðsson. 1999. Austur-Landeyjahreppur.

Landmælingar Íslands: Loftmyndasafn, 2023: Loftmynd frá Landmælingum Íslands . Mynd 19800728-15-F_8664_frm.tif tekin 28.júlí 1980, slóð:
<https://atlas.lmi.is/loftmyndir/scanned/volume09/quickview/F41-F-8664-qv.jpg> sótt 19.12. 2023.

Loftmyndir ehf: Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

SB: *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982. Búnaðarsamband Suðurlands.

Heimildamaður: Auðunn Leifsson f. 1955, Leiftsstaðir Austur-Landeyjum